



Kópavogur, 21. júlí 2023.

B.t. Innviðaráðuneytis
Skrifstofa samgangna
irn@irn.is
Sölvhóls götu 7 – 101 Reykjavík

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við tillögu að þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vilja með umsögn þessari um ofangreind drög leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti:

Samgöngusáttmálinn

Í samgönguáætluninni er að finna nokkra umfjöllun um Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem undirritaður var hinn 26. september 2019. Staðið hefur yfir vinna við uppfærslu sáttmálans og gert er ráð fyrir að viðauki við hann verði tilbúinn til undirritunar í lok sumars.

SSH hafa átt í góðu samstarfi við ríkið um gerð og uppfærslu Samgöngusáttmálans og lýsa ánægju með að framkvæmd hans komi skilmerkilega fram sem sérstök áhersla í fyrsta markmiði samgönguáætlunar um greiðar samgöngur (bls. 2 og 51).

SSH vilja einnig koma því á framfæri að önnur markmið Samgöngusáttmálans: *Kolefnishlutlaust samfélag; aukid umferðaröryggi; samvinna og skilvirkar framkvæmdir*, falla vel að öðrum meginmarkmiðum sem birtast í samgönguáætlun: *Öruggar samgöngur; hagkvæmar samgöngur; umhverfislega sjálfbærar samgöngur og samgöngur stuðli að jákvæðri byggðaðróun*. SSH telja að með því að tilgreina fyrrgreind markmið Samgöngusáttmálans sem aðgerðir undir markmiðum samgönguáætlunar, fái inntak Samgöngusáttmálans meira vægi í áætluninni, enda eðlilegt í samræmi við umfang Samgöngusáttmálans og mikilvægi. Verði samgönguáætlun samþykkt skiptir máli að inntak og efni samningsins sé hluti af heildarstefnumörkun um samgöngumál. Þetta telja SSH mjög mikilvægt atriði í ljósi skilgreindra markmiða og leiða í samgönguáætlun. Við umsögn um hvítbók samgönguáætlunar var bent á fyrrgreind atriði.

Einnig telja SSH það vera til bóta að gera almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu og markmiðum með eflingu þeirra betri skil, m.a. út frá áherslum um loftslagsmál og skuldbindingum ríkisins er það varðar. Sem dæmi fer ekki mikið fyrir umfjöllun um Borgarlínu í þeim fimm markmiðum sem Samgönguáætlun markar stefnu um, sem er að mati SSH mjög mikilvægt m.a. miðað við þá fjármuni sem ráðstafað verður til verkefnisins og þau áhrif sem efling almenningssamgangna mun hafa á greiðfærni, öryggi, hagkvæmni, loftslagsmál og jákvæða byggðaðróun, eins og áður hefur komið fram. Þá benda SSH á að bæta mætti við *bættum ferðatíma með almenningssamgöngum* sem einum lykilmælikvarða greiðrar umferðar enda lykilaatriði að ná ferðatíma almenningssamgangna niður til að fá fleiri til að nýta almenningssamgöngur.



Þá liggur fyrir að ætlunin er að framkvæmdir Betri samgangna ohf. á grundvelli Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins verði að hluta til fjármagnaðar með flýti- og umferðargjöldum, sbr. f.- lið 3. gr. Samgöngusáttmálans, en umfjöllun þess efnis kemur fram samgönguáætlun (bls.51) þar sem segir: „Lykilþáttur í fjármögnun samgöngusáttmálans er innheima flýti-og umferðargjalda. Slik gjaldtaka er alla jafna frábrugðin hefðbundinni gjalddöku að því leyti að hún er breytileg innan sólarhrings. Upphæðin er hærri á annatímum en utan þeirra og stuðlar með þeim hætti að hagfelldari dreifingu umferðarálags og betri nýtingu innviða og um leið minni umferðartöfum“. Í samgönguáætluninni er fjallað um orkuskiptin og þær áskoranir sem þau hafa í för með sér með tilliti til tekjuöflunar ríkissjóðs. Unnið er að endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins af ökutækjum og umferð en unnið er eftir sjö leiðarljósum í því sambandi (bls. 70). Lög um flýti- og umferðargjöld hafa ekki verið lögð fram á Alþingi og vilja SSH leggja mikla áherslu á að þangað til endanleg niðurstaða fæst um fjármögnun og fjármögnunarleiðir vegna uppbyggingar samgönguinnviða verði fjármögnun til verkefna Samgöngusáttmálans tryggð með öðrum hætti og að fjárflæði verði skv. fjárstreymisáætlun Samgöngusáttmálans.

Framlag til reksturs almenningsamgangna

Eins og fram kemur í samgönguáætlun (bls. 65) er unnið að endurskoðun á aðkomu ríkisins að almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við samkomulag um vilja til slíks milli ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Rétt er að áréttu m.a. eftirfarandi umfjöllun SSH sem sett var fram í umsögn samtakanna við frumvarp til fjárlaga, dags. 6. október 2022:

„Að störfum hefur verið sérstakur starfshópur sem hefur það hlutverk að vinna tillögur að endurskoðuðu samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um eflingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu, til samræmis við framangreint. eru samningaviðræður nú í fullum gangi.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi öflugra almenningsamgangna í þróun mannvænni svæða og til að ná fram ábata af minni umferðartöfum og lægri samfélagslegum kostnaði vegna samgangna. Ef markmið um breyttar ferðavenjur eiga að ná fram að ganga þá verður ríkið að koma með auknum krafti að rekstri almenningsamgangna enda eru skilvirkar og góðar almenningsamgöngur forsenda þess að fólk nýti sér þær.

Mikilvægt er að horfa á almenningsamgöngur út frá markmiðum og stefnu í loftslagsmálum ríkisins. Í markmiðum samkomulags um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum (Samgöngusáttmálinn) kemur skýrt fram að stuðla eigi að því að loftslagsverkefnum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnislaust borgarsamfélag verði náð m.a. með eflingu almenningsamgangna. Í aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030 er þáttur almenningsamgangna stór og settar fram aðgerðir um að fjölga hlutfalli fólks sem notar almenningsamgöngur. Í aðgerðakafli A.3 – efling almenningsamgangna kemur fram að aðgerðirnar fela í sér að styrkja almenningsamgöngur m.a. með framlögum til uppbyggingar Borgarlínu. Í aðgerðaráætluninni er komið inn á breytingar á ferðavenjum og markmið er varðar fjárfestingar í hreinorkuvögnum. "Mat á áhrifum breytinga á ferðahegðun vegna aukinna ívilnana vegna virkra ferðamáta sem og innviða vegna virkra ferðamáta, og ívilnana til að efla almenningsamgöngur, speglast í væntum samdrætti í fjölda ferða með einkabílnum (fólksbífreid). Gert er ráð fyrir að fjöldi ferða með einkabílnum vegna eflra almenningsamgangna og hjólreiða samanlagt minnki úr 76% í um 69% til 2030 og vagnar sem notaðir eru í almenningsamgöngum hjá Strætó verði orðnir hreinorkuvagnar á árinu 2030". Aðgerðaáætlunin endurspeglar því vilja stjórnvalda til þess að efla almenningsamgöngur, ekki bara í fjárfestingu heldur líka í rekstri.

Handwritten signature in blue ink.



Þá ber að geta þess að 33% uppruna kolefnislosunar á Íslandi kemur frá vegasamgöngum og í því samhengi eru skilvirkar og öflugar almenningssamgöngur mjög mikilvægar.

Í núgildandi samgönguáætlunum endurspeglast vilji ríkisvaldsins í því að efla almenningssamgöngur. Þar kemur m.a. fram að stuðlað verði að því að ná loftslagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag með eflingu almenningssamgangna, deilihagkerfi í samgöngum og bættum innviðum fyrir aðra vistvæna samgöngumáta auk þess að hvetja til breyttra ferðavenja. Í því efni verða greindar leiðir til þess að styrkja lagaumhverfi almenningssamgangna svo það styðji við eflingu þjónustunnar og þróun hennar. Þá verði greindar leiðir til að auka samkeppnishæfni almenningssamgangna gagnvart ferðum í bíl þ.m.t. upphæðir fargjalda á móti kostnaði við að reka bifreið. Hvað varðar fjárfestingar felur samgönguáætlun það í sér að stuðlað verði að því að farartæki sem veljast til notkunar í almenningssamgöngukerfinu séu eins vistvæn og kostur er ásamt því að kannaðir verði möguleikar á notkun vistvænna, innlendra orkugjafa.

SSH leggja því ríka áherslu á að fullnægjandi framlög frá ríkinu til eflingar almenningssamgangna séu tryggð og að þeirra sé skýrt getið í fjárlögum. Ekki síst úr frá því megin sjónarmiði að ríkið ber mikla ábyrgð á því að vel takist til í þeim verkefnum sem framundan eru m.a. úr frá markmiðum um sjálfbært og kolefnislaust borgarsamfélag.

Verður ekki annað séð en að ofangreind sjónarmið eigi enn að fullu við. Svo að markmið um aukna notkun almenningssamgangna náist er ljóst að fjármagn til þeirra þarf að vera tryggt með aukinni fjárhagslegri aðkomu og ábyrgð ríkisins með sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. SSH hafa því væntingar til þess að ásættanleg niðurstaða verði af yfirstandandi samningaviðræðum þannig að markmið um öflugri almenningssamgöngur náist.

Bláfjallavegur og Skálafellsvegur

SSH og Vegagerðin hafa átt í samstarfi um rýni á opnun Bláfjallavegar frá janúar 2023, sem felur í sér að unnið verði kostnaðarmat, hönnun og áhættumat vegna vatnsverndar. Jafnframt verði horft til hlutverks vegarins með hliðsjón af vara- og flóttaleiðum á höfuðborgarsvæðinu. Vegagerðin vann gróft kostnaðarmat í mars 2022 þar sem kom fram að endurgerð vegarins til að hann uppfyllti helstu kröfur kostaði 1.500 – 2.000 m. kr. Framkvæmdir á veginum eru ekki ráðgerðar í samgönguáætlun og mikilvægt að verkefninu séu gerð skil í framkvæmdaáætlun hennar.

Aðildarfélög SSH áætla uppbyggingu á skíðasvæðinu í Skálafelli á næstu árum. Núverandi aðkomuvegur frá Þingvallavegi er um 3,5 km að lengd og er í umsjón Vegagerðarinnar. Hann telst ófullnægjandi í mörgu tilliti, þ.m.t. breidd, umferðaröryggi, burðargeta o.fl. Uppbygging í Skálafelli er óhugsandi án lagfæringa á aðkomuveginum. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni var gert ráð fyrir fjármagni í lagfæringar á Skálafellsvegi í samgönguáætlun árið 2011-2022, á 3. tímabili sem náði til ára 2019-2022. Fjármagnið var hins vegar fjarlægð í samgönguáætlun sem kom í kjölfarið.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er vegurinn skilgreindur meðal tengivega, en ekki lýst í samgönguáætlun í texta.

SSH leggja mikla áherslu á framgöngu ofangreindra verkefni og að þau verði leidd til lykta í samgönguáætlun 2024 – 2038.


Lokaorð

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vænta áframhaldandi góðs samstarfs við ráðherra ríkisstjórnarinnar og Alþingi um framgang Samgöngusáttmálans, enda mikilvægt að markmið samkomulagsins nái fram að ganga m.a. með skýrri tilvísun í það efni sem samgönguáætlun felur í sér.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Virðingarfyllt,
f.h stjórnar SSH



Páll Björgvin Guðmundsson
Framkvæmdastjóri SSH